

Alþingi
Erindi nr. P 133/848
komudagur 8.2.2007

Reykjavík 7. febrúar 2006



HÁSKÓLI ÍSLANDS

GUÐFRÆÐIDEILD

Allsherjarnefnd Alþingis,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Varðar: Umsögn guðfræðideildar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 79 26. maí 1997.

Guðfræðideild barst erindi yðar dags. 31. janúar s.l. þar sem deildinni er sent ofangreint frumvarp til umsagnar.

Á deildarfundum í guðfræðideild í dag, 7. febrúar var meðfylgjandi umsögn samþykkt.

Guðfræðideild kýs að veita aðeins umsögn um 3.–5. gr. frumvarpsins en fagnar þó öðrum greinum þess. Með þeim virðist stefnt að farsælli lausn á langvarandi ágreiningi um eignarhald á kirkjujörðum.

Varðandi flutning á veitingarvaldi embætta sóknarpresta frá kirkjumálaráðherra til biskups tekur guðfræðideild undir með ráðgjafarnefnd þjóðkirkjunnar um kenningarleg málefni um að breytingin snerti ekki grundvöll embættis evangelísk-lútherskrar kirkju. Einnig tekur deildin undir þá túlkun sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að breytingin er í samræmi við þá þróun sem orðið hefur á undanförunum árum og leitt hefur til aukins sjálfstæðis þjóðkirkjunnar.

Af þessum sökum telur guðfræðideild ekki óeðlilegt að breyting sú sem frumvarpið boðar varðandi veitingarvald embætta sóknarpresta nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Ásdís Guðmundsdóttir,
skrifstofustjóri guðfræðideildar

